

Akureyrarbær
Pétur Ingi Haraldsson
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 31. janúar 2022
UST202201-154/A.Þ.
10.05.04

Efni: Framkvæmdaleyfi - Uppsetning á Zip línu við Glerárgil - Akureyri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 14. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um uppsetningu á Zip línu við Glerárgil á Akureyri.

Í framkvæmdinni felst að settar verða upp fimm línubrautir í og við Glerárgil með jafnmörgum upphafs- og endastöðum. Á milli línanna verða göngustígar. Settir verða upp stálrammar eða stálplattar við upphaf og enda línanna en einnig verða stálplattar boltaðir í klettaveggi.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að fólk muni geta notið náttúru svæðisins með þessum hætti, svæði sem annars er óaðgengilegt, en Glerárgil er á náttúruminjaskrá og um það segir: „Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.“

Umhverfisstofnun bendir þó á að þarna er um að ræða mjög mikið af bergfestum sem hafa óafturkræf áhrif þó svo að hægt sé að lágmarka áhrifin. Stofnunin bendir á að skoðaður verði sá möguleiki að minnka áhrifin með færri brautum eða með því að fækka bergfestum og koma frekar fyrir steypum festum. Einnig kemur fram að á einum stað byrji braut á klettadrangi. Stofnunin bendir á að gæta þurfi að því að valda ekki tjóni á dranganum, hvort sem er á gróðri sem kann að vera á honum eða að hætta á að hann falli.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í framkvæmdaleyfinu verði gerð krafa um góðan frágang, sér í lagi að öll ummerki um línuna verði fjarlægð ef rekstri verði hætt.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur